



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Fossvogsskóla.

Á fundi borgarráðs 18. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að skýrsla Verkís um Fossvogsskóla sem kynnt var foreldrum á fundi í Fossvogsskóla þann 17. febrúar verði kynnt í borgarráði. Óska fulltrúarnir eftir því að farið verði yfir sögu málsins, þær framkvæmdir sem búið er að fara í, hvernig úttektum á þeim var háttað og hverjar eru ástæður þess að mygla sé áfram að finnast í skólanum þrátt fyrir allar þær framkvæmdir sem búið er að fara í. Eins þá óska fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir því að fá skýrsla Verkís sem kynnt var foreldrum á fundi 17. febrúar verði gerð opinber.

Á fundi borgarráðs 11. mars nk. er gert ráð fyrir kynningu á framkvæmdum við Fossvogsskóla. Öll gögn vegna málsins eru jafnframt aðgengileg á upplýsingasíðu á vef Reykjavíkurborgar hér: <https://reykjavik.is/framkvaemdasjain/fossvogsskoli-endurbaetur>

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar